

29. Swift, Emma Marie, barn í Reykjavík, f. 5. október 1978 í Bretlandi.
 30. Swift, Martin Jónas Björn, barn í Reykjavík, f. 31. ágúst 1980 í Vestur-Pýskalandi.
 31. Toffolo, Danival, nemi í Keflavík, f. 16. desember 1970 í Bandaríkjunum.
 32. Toffolo, John, raftæknifræðingur í Keflavík, f. 18. nóvember 1932 á Ítalíu.
 33. Tomczyk, Sólveig, nemi í Keflavík, f. 15. mars 1973 í Bandaríkjunum.
 34. Tomczyk, Tomasz, nemi í Reykjavík, f. 22. janúar 1966 í Póllandi. Fær réttinn 15. ágúst 1988.
 35. Vandendriessche, Peter, kennari í Reykjavík, f. 18. maí 1961 í Pýskalandi. Fær réttinn 20. júlí 1988.
 36. Vavrickova, Stepanka, verslunarmaður í Kópavogi, f. 7. janúar 1955 í Tékkóslóvakíu.
 37. Vazquez, Antonio Maria Galan, doktor í sjávarlíffræði í Reykjavík, f. 14. september 1947 á Spáni.
 38. Þór Saari, söluaður á Seltjarnarnesi, f. 9. júní 1960 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannaöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnaframtal — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnaframtali sínu að það fullnægi kröfum laga um mannaöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jóhanna Sigurðardóttir.

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. másl. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Um tilbúning og framleiðslu áfengra drykkja fer samkvæmt lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Önnur framleiðsla, tilbúningur og bruggun áfengra drykkja eða áfengisvökva er bönnuð á Íslandi, svo og að gera drykkjarhæft það áfengi sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmatum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmatum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning, dreifingu og sölu áfengis, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu áfengis samkvæmt þessum kafla.

6. gr.

Lög þessi taka gildi 1. mars 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. Meðal annars ber nefndinni að fjalla um verðlagningu áfengis og leiðir til að vara við hættum sem fylgja neyslu þess, t.d. með áprentuðum upplýsingum um áfengishlutfall og ákvæði umferðarlaga. Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluherferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jóhanna Sigurðardóttir.